

Nd.

## 262. Frumvarp til laga

[49. mál]

um sveitarstjóra.

(Eftir 2. umr. í Nd.)

1. gr.

Í hreppi, þar sem eru fleiri en 500 íbúar, er hreppsnefnd heimilt að fela sérstök-um sveitarstjóra stjórn og framkvæmd hreppsmála.

2. gr.

Ákveði hreppsnefnd að nota heimild 1. gr. laga þessara, skal hún auglýsa starf sveitarstjóra og taka við umsóknum um það.

Á löglega boðuðum hreppsnefndarfundi skal greiða atkvæði um framkomnar um-sóknir, og er sá ráðinn, sem flest fær atkvæði. Nú eru atkvæði jöfn við endurtekna atkvæðagreiðslu, og skal þá hlutkesti ráða. Atkvæðagreiðsla skal vera leynileg.

3. gr.

Oddviti skal fyrir hönd hreppsnefndar gera ráðningarsamning við sveitarstjóra, eftir að ráðning hans hefur verið samþykkt í hreppsnefnd, og skal þar nánar kveðið á um kjör hans, orlof, skrifstofutíma, lífeyri og það annað, sem rétt þykir að taka fram af því tilefni. Ekki er skylt að binda ráðningu sveitarstjóra við kjörtímabil hreppsnefndar eða önnur ákveðin tímamörk. Uppsagnarfrestur af hálfu hvors aðila skal vera sex mánuðir.

4. gr.

Laun sveitarstjóra skulu ákveðin í ráðningarsamningi þeim, er í 3. gr. getur, og greiðast þau úr sveitarsjóði.

5. gr.

Sveitarstjóri fer með störf þau, sem oddvita eru falin í sveitarstjórnarlögum, önnur en stjórn á fundum hreppsnefndar, og hefur á hendi framkvæmd málefna sveitarfélagsins. Hann annast innheimtu á tekjum sveitarsjóðs og fyrirtækja hans, án sérstakrar þóknunar.

Að öðru leyti skal starfsvið sveitarstjóra og verkaskipting milli hans og oddvita nánar ákveðin í samþykkt um stjórn málefna sveitarfélagsins, sem hreppsnefnd semur, en félagsmálaráðuneytið staðfestir.

6. gr.

Sveitarstjóri á sæti á fundum hreppsnefndar og hefur þar málfrelsi og tillögu-rétt.

Nú er hreppsnefndarmaður kjörinn sveitarstjóri, og fellur þá niður umboð hans sem hreppsnefndarmanns þann tíma, er hann gegnir sveitarstjórastarfi, en vara-maður hans tekur sæti í hreppsnefndinni.

7. gr.

Nú hefur sveitarstjóri tekið við starfi, og falla þá niður launagreiðslur til oddvita úr sveitarsjóði samkvæmt ákvæðum sveitarstjórnarlaga, en heimilt er hreppsnefnd að ákveða oddvita þóknun fyrir störf hans.

8. gr.

Nú verður sveitarstjóri sekur um stórfellda og ítrekaða vanrækslu eða hirðu-leysi í starfi sínu eða skeytir ekki áminningu hreppsnefndar, og getur hún þá með fundarsamþykkt vikið honum frá störfum, en tilkynna skal félagsmálaráðuneytinu þegar frávikninguna. Oddviti tekur þá við starfi sveitarstjóra og gegnir því, unz sveitarstjóri hefur verið ráðinn að nýju.

9. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1951.